

Minjaráð Austurlands – 16. júní 2025

Mætt: Þuríður Elísa Harðardóttir, form., Skúli Björn Gunnarsson, Rannveig Þórhallsdóttir, Sigrún Sigurgeirsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Þuríður Elísa stýrir fundi og Sigrún Sigurgeirsdóttir skrifar fundargerð

1. Samantekt minjavarðar: Minjavörður fór yfir helstu verkefni, t.d. fund vegna miðlun minja í Firði á Seyðisfirði auk þess sem forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og sviðsstjóri minjavarðarsviðs komu í heimsókn austur.
2. Málþing minjaráðs: Minjaráðið hefur verið að ræða að hafa málþing á Burstafelli. Hugmynd kom upp að sameina það húsverndarárinu 2025 og hafa málþing tengt því. Er stefnt á það og undirbúningur hafinn.
3. Skilti: Minjastofnun Íslands hefur undanfarið verið að vinna að uppsetningu nýrra skilta við minjastaði. Voru þau áform kynnt fyrir minjaráðsfulltrúum en þeir ætla að fá að lesa yfir texta skiltanna. Í kjölfarið var rætt um Landsáætlunina og mögulega verkefni, s.s. að draga betur fram þeir rannsóknir sem gerðar hafa verið á Austurlandi. Minjavörður ætlar að funda með safnstjóra Minjasafns Austurlands vegna þessa.
4. Önnur mál:
 - a. Nýr forstöðumaður hefur verið ráðinn á Gunnarsstofnun sem tekur við um næstu áramót af Skúla Birni en það er hún Oddný Eir Ævarsdóttir.
 - b. Spurt var út í Galtastaði og fjármagn þangað. Verið er að vinna að auknu samstarfi Minjasafnsins og Þjóðminjasafnsins og var nýráðinn umsjónarmaður húsasafns Þjóðminjasafnsins búinn að koma austur í skoðunarferð.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.